

Sþ.

### 310. Tillaga til þingsályktunar

[121. mál]

um, að dregið sé úr íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna og að afnumin séu höft, skömmtnun og nefndavald.

Flm.: Björn Ólafsson.

Með því að reynslan hefur nú sýnt, að ríkisrekstur atvinnugreina, athafnaskerðing og viðtæk afskipti hins opinbera í atvinnurekstri félaga og einstaklinga leiðir til hættulegrar þróunar í atvinnulífi og fjármálum landsins, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa og koma í framkvæmd svo fljótt sem verða má, gagngerri breytingu í þessum efnun. Skal það gert með það fyrir augum, að dregið sé úr íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna, en afnumin séu höft, skömmtnun og nefndavald með breytttri fjármálastefnu og einfaldari skipun málanna, svo að framtak einstaklinganna fái betur notið sín en nú er.

#### Greinargerð.

Sú stefna hefur verið mjög áberandi undanfarin ár hjá Alþingi og ríkisstjórn að auka þátttöku og ýmiss konar íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna. Hefur ríkið beint og óbeint gerzt aðili að framkvæmdum og ráðstöfunum, sem lagt hafa ríkissjóði á herðar stórkostlegar ábyrgðarskuldbindingar og útgjöld. Þessari stefnu hefur svo fylgt sú ofrausn í framkvæmdum og fjárframlögum ríkisins sjálfs, að hreinn tekjuhali ríkisbúskaparins undanfarin 3 ár nemur um 120 millj. kr. Af öllu þessu hefur svo leitt lítt viðráðanlega verðbólgu og svo stórkostlegt misræmi í fjármálalífi landsins, að ríkisvaldið hefur neyðzt til að grípa til síaukinna hafta, skömmtnunar og alls konar athafnaskerðingar. Reynslan af þessari stefnu er nú óðum að koma í ljós og sýnir, að stefnan leiðir til hættulegrar þróunar í atvinnulífi og fjármálum landsins. Árangurinn er þegar orðinn sá, að ríkið er komið í ábyrgðir og skuldir, er nema 4—5 hundruðum milljóna króna, aðallega af þessum sökum. Vegna sívaxandi verðbólgu, sem af þessari stefnu hefur leitt, er nú svo komið, að bátaútvegur landsins verður ekki rekinn nema með beinum styrkjum úr ríkissjóði. Enginn veit, hversu miklir þeir styrkir kunna að verða, en þeir geta numið samtals mörgum tugum milljóna króna, og til þess að halda verðlagi landbúnaðarvára í skefjum eru nú greiddar árlega um 30 millj. kr. Af atvinnuíhlutunar- og fjárbenslustefnu ríkisvaldsins hefur enn fremur leitt það, að skatta- og tollaálögur hafa færzt svo í aukana á síðustu árum, að til stórvandræða horfir fyrir atvinnurekstur félaga og einstaklinga. Ef áfram er haldið á sömu braut og nú er, mun skattheimtan valda algerrri stefnubreytingu á næstu árum í atvinnurekstri landsmanna. Ríkisvaldið sogar nú til sín mestallan afrakstur atvinnuveganna. Árangurinn verður sá, að enginn nema ríkið getur lagt fram fé til stofnunar stærri fyrirtækja eða stóriðju í landinu.

Í þessu sambandi er rétt að athuga hvernig framkvæmdir og rekstur hefur blessazt í höndum ríkisins á eigin fyrirtækjum og hversu happasæl hefur reynzt bein íhlutun þess á öðrum sviðum atvinnuveganna.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru eign ríkisins og raunverulega reknar á þess ábyrgð, þótt svo eigi ekki að vera að nafninu til. Verksmiðjurnar eru stærsta atvinnufyrirtæki í landinu. Nýbyggingarframkvæmdir þeirra síðustu árin hafa farið svo ógiftusamlega úr hendi vegna beinna afskipta og ráðsmennsku ríkisvaldsins, að skuldir verksmiðjanna eru nú orðnar 65 millj. kr. og vafasamt, hvort þær fá risið undir þeim fyrst um sinn nema með beinni aðstoð ríkisins. Auk þess má telja mjög vafasamt notagildi sumra verksmiðjanna vegna staðsetningar þeirra. Rekstur verksmiðjanna undir pólitískri stjórn hefur reynzt að mörgu leyfi erfiður. Auk þess er fjárhagsleg afkoma þeirra í stöðugri hættu vegna afskipta ríkisvalds-

ins í sambandi við pólitíska hagsmuni þess. Fjárhag og lánstrausti ríkisins stafar mikil og bein hættu af svo áhættusömum stórrekstri, eins og hann hefur verið framkvæmdur undanfarin ár, ef ekki er þegar stungið við fótum og reksturinn færður í annað horf.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa verið starfræktar til lítils gagns síðan þær voru settar á stofn fyrir tveimur árum. Stjórn verksmiðjanna hefur ekki treyst sér til að gera áætlun um reksturinn næsta ár, og er því í fjárlagafrv. tekin upp áætlun fyrra árs óbreytt. Verksmiðjan mun eiga birgðir af tunnum, sem eru miklu dýrari en útlendar tunnur. Engar aðrar upplýsingar liggja fyrir um þetta fyrirtæki, og virðist með þögninni breitt yfir óhagstæða afkomu og vafalaust raunalegan rekstur.

Fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík er gott dæmi um atvinnurekstur í höndum hins opinbera. Í þetta fyrirtæki hafa nú verið lagðar 7—8 millj. kr. Verksmiðjan er ekki fullgerð, og allt er þar hálfkarað. Stjórn hennar hefur ekki farið vel úr hendi. Starfrækslan hefur legið niðri vegna skorts á rekstrarfé. Tapið fer vaxandi, og enginn sýnist bera ábyrgð á þessu milljónafyrirtæki.

Flestum er kunnugt um vélsmíði og bátasmíði ríkisins, Landssmiðjuna. Þetta fyrirtæki hefur löngum verið rekið með raunverulegu tapi. Í stríðinu, þegar vélsmíðjur í einkaeign græddu stórfé, barðist Landssmiðjan í bökkum. Þegar hún svo ætlaði að hefja skipasmíði í samkeppni við bátasmíðar einstaklinga, þurfti að leggja þá starfsemi niður eftir stuttan tíma og ríkissjóður að greiða 2 millj. kr. fyrir tilraunina. Árið 1947 varð 402 þús. kr. tap á rekstrinum.

Sérleyfisrekstur ríkisins hefur verið rekinn með þeim árangri, að halli var á rekstrinum 1947, 240 þús. kr., og á árinu 1948 er útlit fyrir, að raunverulegur rekstrarhalli verði miklu meiri. Áður var þessi akstur í höndum einstaklinga og rekinn með hagnaði. Ef þeim væri veitt sama aðstaða með útvegum tækja og ríkinu, mundu þeir geta séð um aksturinn án styrktar af opinberu fé og með ekki hærri fargjöldum en ríkið tekur.

Ferðaskrifstofa ríkisins áætlar tap á starfsemi sinni næsta ár 200 þús. kr. Þetta fyrirtæki er sífellt að fært út kviarnar og hefur nú byrjað á hótélrekstri. Tap fyrirtækisins á að greiðast úr „sérleyfissjóði“, en í þann sjóð greiðir ríkið aftur drjúgan skerf af taprekstri sínum á langferðaakstri.

Reynslan af ríkisrekstri þeim, sem nú hefur verið nefndur, virðist ekki þann veg, að örvandi sé fyrir þjóðina að láta ríkið taka í sínar hendur stóriðju í nýjum greinum. En þó er nú rétt um enn að setja á stofn ríkisfyrirtæki eins og sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og lýsisherzluverksmiðju og reka slík milljónafyrirtæki með pólitískri framkvæmdastjórn á vegum ríkisins.

Skyld hinum beina ríkisrekstri er ríkisihlutunarstefnan, sem kemur fram meðal annars í ríkisábyrgð á fiskverði bátaflotans. Enn þá er það hvorki ríkisrekstur né þjóðnýting, en stefnir til annars hvors eða hvors tveggja. Alþingi hefur farið inn á þessa gjaldþrotaleið vegna þess, að þing og stjórn á undanförunum ofrausnarárum hefur látið undir höfuð leggjast að hverfa frá eyðslustefnunni í opinberum fjármálum og gera jafnframt þær vanþakklátu en þjóðnauðsynlegu ráðstafanir, er stefndu að því að skapa atvinnuvegum landsins heilbrigðan starfsgrundvöll. Ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu verður aldrei metin fyrir fram. Hún er stærsta fjárhættuspil í opinberum fjárreiðum, sem leikið hefur verið hér á landi.

Þessi stefna ríkisrekstrar og ihlutunar er að draga ríkissjóð út í óbotnandi skuldafen. Hin stórkostlega fjárfestingarstefna og næstum sjúklega ofrausn í opinberum fjármálum undanfarin ár, er að liða sundur fjárhagskerfi landsins. Sú sama stefna er aðalrót verðbólgunnar og þess misræmis og jafnvægisskorts í þjóðarþúskapnum, sem leitt hefur af sér tapreksturinn, nefndavaldið, höftin, skömmtunina og framkvæmdaskerðingu á öllum sviðum. Þingið og þjóðin hefur lifað í slíkri sjálfsblekkingu í þessum efnun undanfarin misseri, að slíks munu fá dæmi. Enginn aðili í landinu má hreyfa hönd né fót til nýrra framkvæmda nema spyrja fjár-

hagsráð um leyfi. Útvegur, landbúnaður, verzlun og iðnaður er stórlega háð ákvörðunum og framkvæmdum opinberra nefnda í allri starfrækslu sinni, og sé handvömm ráðandi í starfi slíkra nefnda, sem mjög hefur þótt áberandi í seinni tíð, veldur það erfiðleikum, þverrandi afköstum og mikilli truflun í allri starfsemi þjóðfélagsins.

Nauðsynin á breyttri skipun þessara mála, sem að ofan greinir, er að verða svo aðkallandi, að ekki má lengur dragast, að snúið sé inn á aðrar heilbrigðari leiðir. Með núverandi fjármálastefnu Alþingis, ríkisrekstri og ríkisíhlutun í atvinnuvegum, ásamt hinum víðtæku höftum og athafnaskerðingu, er að myndast hættuleg þróun í atvinnulífi og fjármálum landsins, sem getur valdið hruni í opinberum fjármálum og almennri atvinnukreppu áður en langt um líður. Þjóðin þarf að komast burtu frá hinni skömmtuðu og skipulögðu „fátækt“, sem vex eftir því, sem eftirlítið eykst, — og snúast til frjálsari háttá, er leysa úr læðingi auðlegð þá, sem býr í framtaki, hyggindum og vinnugleði einstaklinganna, ef þeir fá að njóta sín.

Ályktunin ákveður ekki tímatakmark fyrir framkvæmd tillögunnar. Ljóst er, að ekki er hægt að breyta því á einum degi, sem tímrað hefur verið upp á mörgum árum, enda fer svo bezt, að ekki sé rasað um ráð fram, ef betri skipun á að takast. En breytta stefnu verður að hefja nú þegar, ef ekki á illa að fara. Verður nánar rætt um það í framsögu, á hvern hátt þetta mætti framkvæma.